

Fiskistofa
b.t. Guðna Magnúsar Eiríkssonar
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri

Stöðulfelli 5. september 2022.

Efni: Leyfi vegna byggingar Hvammsvirkjunar

Vísað er til ákvörðunar Fiskistofu, dags. 14. júlí 2022, um að heimila, fyrir sitt leyti, framkvæmdir við fyrirhugaða Hvammsvirkjun og byggingu mannvirkja henni tengdri að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Um leið og Veiðifélag Þjórsár fagnar því að leyfi Fiskistofu hafi verið bundið mikilvægum skilyrðum vill félagið áréttta mikilvægi þess að verklag við framkvæmd og eftirfylgni skilyrðanna liggi fyrir með skýrum hætti.

Í skilyrðunum er kveðið á um að kynna skuli Veiðifélagi Þjórsár áætlanir Landsvirkjunar auk þess sem gert er ráð fyrir að Landsvirkjun hafi samráð við Veiðifélagið um tiltekin atriði. Veiðifélag Þjórsár telur að þessi skilyrði hafi verið sett svo að félagið geti sinnt því lögbundna hlutverki sínu að að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna í Þjórsá. Í því hlutverki felst að Veiðifélaginu ber að tryggja að faglega sé staðið að rannsóknum á ánni, lífríki hennar og afkomumöguleikum fiska auk þess sem félaginu ber að tryggja að áætlanir um vernd fiskistofna og lífríkis árinna séu byggðar á traustum vísindalegum grunni. Það er því mikilvægt að Veiðifélagi Þjórsár verði veittur nægur frestur til að kynna sér áætlanir Landsvirkjunar og bera þær undir sérfræðinga áður en þær verða staðfestar skriflega af Fiskistofu.

Með hliðsjón af þessu óskar Veiðifélag Þjórsár eftir skýringum á eftirfarandi atriðum:

- A. Í skilyrði 1 fyrir leyfi Fiskistofu er kveðið á um að leyfið sé háð því skilyrði að leyfi vegna byggingar fiskvegar, í samræmi við 34. gr. laganna, verði frágengið áður en framkvæmdir hefjast. Óskað er eftir því að Fiskistofa staðfesti hver hafi forræði á því hvort óskað verði eftir leyfi vegna byggingar fiskvegar og hver skuli hafa frumkvæði að því að slíks leyfis sé aflað. Jafnframt er þess óskað að Fiskistofa staðfesti hver hafi ákvörðunarvald um hönnun fiskvegsins, stærð hans og virkni.
- B. Í skilyrðum 2-5 er kveðið á um að áætlanir um vöktun á virkni fiskivegsins, vöktun á virkni seiðafleytu, viðbótarrannsóknir á seiðabúskap og rannsóknir á botndýra samfélögum í Þjórsá verði kynntar fyrir Veiðifélagi Þjórsár. Óskað er eftir að Fiskistofa staðfesti hvaða verklag beri að viðhafa við kynningu á þessum áætlunum. Mikilvægt er að slíkar kynningar fari fram með nægum fyrirvara áður en Fiskistofa tekur ákvörðun um hvort áætlanir verði staðfestar. Jafnframt þarf að tryggja að Veiðifélaginu séu veittar fullnægjandi upplýsingar til að leggja mat á áætlarnar og til þess að unnt sé að bera þær undir sérfræðinga. Óskað er eftir að frestur

Veiðifélagsins til að koma á framfæri athugasemdum við áætlanir verði í það minnsta 4 vikur frá því að fullnægjandi upplýsingar berast félaginu.

- C. Í skilyrði 6 segir að Landsvirkjun skuli gera áætlun sem geri það mögulegt að grípa til neyðaraðgerða ef mótvægisáðgerðir virka ekki eins og til er ætlast. Óskað er eftir að Fiskistofa staðfesti að slík áætlun skuli kynnt Veiðifélagi Þjórsár með sama hætti og á við um áætlanir samkvæmt skilyrðum 2-5. Í því sambandi er óskað eftir því að áætlunin verði kynnt fyrir Veiðifélaginu með nægum fyrirvara. Frestur félagsins til að koma á framfæri athugasemdum verði að minnsta kosti 10 vikur frá því að fullnægjandi upplýsingar hafa borist félaginu.
- D. Í skilyrði 6 kemur jafnframt fram að „æskilegt“ sé að neyðaráætlunin verði gerð í samráði við Veiðifélag Þjórsár og að ef hún felur í sér fiskræktar aðgerðir skuli þær unnar í samráði við Veiðifélagið. Óskað er eftir að Fiskistofa kveði nánar um hvaða verklag Landsvirkjun skuli viðhafa við samráðið, einkum hvaða upplýsingar Landsvirkjun beri að veita, tímafresti og hvaða þýðingu það hefur ef aðilar koma sér ekki saman um ásættanlega niðurstöðu.
- E. Í skilyrði 7 er kveðið á um að meta skuli, þegar mannvirki Hvammsvirkjunar hafa verið byggð, hvort lagfæra megi farveg þannig að búsvæði og gönguleiðir laxfiska skerðist sem minnst á árkafla sem kemur til með að hafa skert rennsli. Óskað er eftir að Fiskistofa kveði á um að matið skuli unnið af óháðum sérfræðingum og að Landsvirkjun sé skylt að kosta matið ásamt gerð og viðhald farvegsins.
- F. Í skilyrði 7 kemur einnig fram að hugmyndir og áform um lagfæringar farvegar skuli kynntar Veiðifélagi Þjórsár. Óskað er eftir að Fiskistofa staðfesti að slíkar hugmyndir og áform skuli kynnt Veiðifélagi Þjórsár með sama hætti og á við um áætlanir samkvæmt skilyrðum 2-5. Í því sambandi er óskað eftir því að hugmyndir og áform verði kynnt fyrir Veiðifélaginu með nægum fyrirvara og að frestur Veiðifélagsins til að koma á framfæri athugasemdum verði að minnsta kosti 4 vikur frá því að fullnægjandi upplýsingar berast félaginu.

Með vísan til alls framangreinds gerir félagið þá kröfu að vandað verði til verka og að gripið verði til fullnægjandi aðgerða, sem studdar eru vísindalegum rannsóknum, til að vernda lífríki Þjórsár. Nauðsyn er á aðkomu Fiskistofu til að gæta þess að svo sé og að Veiðifélagið fái tækifæri til að sinna sínum skyldum. Veiðifélagið er tilbúið til að aðstoða við nauðsynlegar rannsóknir og áætlanagerð eftir bestu getu.

Virðingarfyllst,

f.h. Veiðifélags Þjórsár

Oddur Bjarnason, formaður